

IPMA B Skýrsla og viðtal

Verkefnisskýrsla er lýsing á verkefni sem umsækjandi hefur sjálfur stýrt. Fyrir B-stigið á að skrifa um eitt verkefni sem valið er sérstaklega. Skýrslan þarf að tengjast hæfnispáttum í Grunnviðmiðum um hæfni verkefnastjóra (ICB 4).

vsf / Vottun

IPMA»
ICELAND

international
project
management
association


Markmið verkefnisskýrslunnar

Markmiðið með skýrslunni er að sýna fram á hæfni umsækjanda – þekkingu hans á aðferðafræði verkefnastjórnunar, reynslu og það sem hann hefur lært af verkefninu. Hún á að lýsa hvernig umsækjandi beitti hæfni sinni í raunverulegu verkefni, verkefnastofni eða verkefnisskrá.

Það er hluti af matsferlinu að geta skrifað, kynnt og rökstutt skýrslu.


Skýrslunni er skilað eftir að próf hefur verið staðist. Til að fá vottun þarf umsækjandi að sýna fram á að hann hafi bæði þekkingu og reynslu af því að beita að minnsta kosti 80% af hæfnispáttum Grunnviðmiðanna og 50% af lykilhæfnisvísunum.

Kröfur um hæfni



Hæfnispættir

Lágmarkskrafa fyrir hæfnispætti Grunnviðmiðanna



Lykilhæfnisvísur

Lágmarkskrafa fyrir lykilhæfnisvísa

Ef prófið og skýrslan ná ekki þessum lágmarkskröfum (80%/50%), þá munu matsaðilar í viðtalinu beina sjónum sínum sérstaklega að þeim hæfnisvísum sem ekki var fjallað um, auk annarra atriða sem vekja athygli þeirra í skýrslunni og matsblaðinu.

Uppbygging skýrslu

Hvað á að koma fram í verkefnisskýrslunni?

Verkefnisskýrslan á að fjalla um verkefni sem umsækjandinn sjálfur stýrði. Að lágmarki ætti hún að taka á eftirfarandi atriðum:



Hlutverk og ábyrgð

Hlutverk, ábyrgð og verksvið umsækjanda



Bakgrunnur verkefnis

Bakgrunnur og forsendur verkefnis (tegund og umfang verkefnis, hverjir voru viðskiptavinir og helstu hagsmunaaðilar, aðföng, flækjustig o.s.frv.)



Markmið og árangur

Markmið verkefnisins og árangur sem náðist



Skipulag og ferlar

Skipulag verkefnisins og yfirlit yfir verkferla og aðferðir sem notaðar voru við verkefnastjórnun

Sérstök áhersla í skýrslunni

Umsækjendur eru sérstaklega beðnir um að fara nánar í eftirfarandi:

Stjórnun og forystu

Hvaða krefjandi
stjórnunarbættir komu upp

Lausnir og árangur

Hvernig mál voru leyst og hvaða
árangur það skilaði

Greining og lærdómur

Greiningu á verkefninu og
lærdóm sem hægt er að draga af
því

Matsviðmið

Auk þess leggja matsaðilar áherslu á að hægt sé að sjá hæfni í verkefnastjórnun út frá raunverulegri framkvæmd verkefnisins. Þeir skoða tengsl markmiða verkefnisins, samsetningu hópsins sem vann að því og eðli verkefnisins. Það þarf að koma skýrt fram hvaða hlutverki umsækjandinn gegndi og hvað var sérkennandi við verkefnið.

📌 Í matinu skiptir einnig máli að umsækjandi sýni vilja til að læra af reynslu sinni og deila henni áfram.

Atriði sem gott er að hafa í huga

01

Eitt verkefni

Skýrslan á að fjalla um eitt verkefni sem þú hefur stýrt.

02

Tenging við hæfnispætti

Æskilegt er að geta tengt innihald skýrslunnar við að minnsta kosti 80% af IPMA hæfnispáttunum.

03

Lengd skýrslu

Lengdin má vera mest 25 blaðsíður (miðað við 11 punkta leturstærð). Þú mátt bæta við allt að 15 bls. viðaukum, en þau þurfa alltaf að tengjast efni skýrslunnar.

04

Áhersla á hlutverk

Megináherslan á að vera á hlutverk þitt sem verkefnastjóra – ekki á tæknileg eða efnisleg smáatriði verkefnisins sjálfs.

Tenging við Grunnviðmið IPMA

Skýrslan þarf að fjalla um 80% hæfnispáttanna:

SAMHENGÍ (Perspective)

- Stefna
- Stjórnskipulag og ferlar
- Framfylgd, staðlar og reglugerðir
- Áhrif og hagsmunir
- Menning og gildi

FÓLK (People)

- Sjálfsrýni og sjálfstjórn
- Persónuleg heilindi og áreiðanleiki
- Samskipti
- Tengslamyndun og skuldbinding
- Forysta
- Teymisvinna
- Ágreiningur og krísur
- Útsjónarsemi
- Samningatækni
- Árangursmiðun

AÐFERÐIR (Practice)

- Hönnun verkefnis
- Kröfur og markmið
- Umfang
- Tími
- Skipulag og upplýsingar
- Gæði
- Fjármál
- Aðföng
- Innkaup
- Áætlanir og stýring
- Áhætta og tækifæri
- Hagsmunaaðilar
- Breytingar
- Forgangsröðun og jafnvægi

Umsækjandi getur notað *VSF_FRM_204_Candidate_Report_Assessment_Sheet* til að halda utan um fjölda hæfnipátta sem hafa verið staðfestir í skýrslunni.



Viðtöl vegna B vottunar

Lokaáfangi vottunarferilsins er viðtal tveggja matsaðila með umsækjanda. Það er undir umsækjandanum komið hvort hann samþykkir fleiri áheyrendur, sé þess óskað.

Viðtalið hefst á stuttri kynningu umsækjanda á sjálfum sér og helstu verkefnum sem hann/hún hefur komið að. Spurningar matsaðila byggja á umsóknargögnum, sjálfsmati, niðurstöðu úr prófi og skýrslu umsækjandans. Þær geta falið í sér:

- Sannprófun á staðhæfingum í skjölum sem lögð hafa verið fram
- Athugun á hugsanlegu ósamræmi og/eða styrkleikum eða veikleikum í þekkingu og reynslu umsækjanda
- Almenn hæfni umsækjanda við stjórnun verkefna

Framkvæmd viðtals

Markmiðið með viðtalinu:

B stig: að umsækjandi fylgi prófi og verkefnaskýrslu eftir og svari hugsanlegum fyrirspurnum matsaðila. Viðtalið tekur um 1-2 klukkustundir.

Vegna viðtals á B-stigi er ekki ætlast til þess að umsækjandinn komi með sérstaklega undirbúinn fyrirlestur til þess að kynna verkefnið, heldur er öll umfjöllun um verkefnið á þeim nótum að matsaðilar og umsækjandi ræða saman. Matsaðilar munu síðan ræða við umsækjanda um verkefnið, framvindu þess, forsendur, umhverfi og markmið.

Matsaðilar munu leggja sérstaka áherslu á þátt umsækjanda við framkvæmd verkefnisins sem skýrslan fjallar um, þ.e. hlutverk og ábyrgð. Þeir munu ekki leggja áherslu á stærð verkefnisins, heldur leita eftir hæfni umsækjandans sem verkefnisstjóra með því að líta á framlag hans/hennar til verkefnisins.

Eftir viðtalið bera matsaðilar saman bækur sínar og birta umsækjandanum niðurstöðu sína í kjölfarið. Matsaðilar munu annaðhvort mæla með vottun eða meta sem svo að umsækjandi sé ekki enn hæfur.

Framkvæmdastjóri VSF vottunar (Head of CB) tekur lokaákvörðun um vottun umsækjanda. Álitamál, kvartanir og áfrýjanir eru teknar upp í Stjórn VSF vottunar.

